

## Háskólaráðsfundur, Bifröst 28. nóvember 2012, kl. 15:00

**Mætt:** Jón Ólafsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Stefán Sveinbjörnsson, Lee Ann Maginnis, Andri Björgvin Arnþórsson, Hallur Jónasson, Viktor Elísson, Aagot Óskarsdóttir, Guðmundur Ólafsson, Signý Óskarsdóttir, Jón Freyr Jóhannsson og Maj-Britt Hjördís Briem sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

- a. Fundargerð síðasta fundar samþykkt m/breytingum en athugasemdir bárust frá Stefáni Sveinbjönssyni vegna liðar 2.

### 2. LÍN.

- a. Rektor greindi frá samskiptum sínum við LÍN vegna innra eftirlits sjóðsins, sem hefur ma. leitt til sérstakrar skoðunar á áfanganum Millifært milli anna vegna LÍN og notkun á honum. . Umræður.

### 3. Ágreiningur um höfundarrétt.

- a. Rektor greindi frá aðfinnslum sem fyrrum kennarar í námskeiðinu „Verðbréfamarkaðsréttur“ hafa gert við notkun kennsluefnis sem þeir telja sig ekki hafa leyft að notað yrði áfram við kennslu. Það hefur verið venja við Háskólann á Bifröst að kennarar fái aðgang að glærum og öðru efni fyrri námskeiða um sama efni og er þeim sem taka að sér kennslu yfirleitt gerð grein fyrir þessu. Kennari við skólann var fenginn til að handleiða námskeiðið Verðbréfamarkaðsréttur og fékk skv. vengu aðgang að fyrri námskeiðum um sama efni. Í kjölfari þess reis ágreiningur um höfundarrétt og notkun á efni fyrri námskeiða. Rektor lagði til að tryggt yrði að framvegis yrðu formlegir samningar gerðir við alla kennara um þetta, svo enginn vafi ríki um notkun eldra kennsluefnis.

### 4. Fjárhagsáætlun 2013.

- a. Fjárhagsáætlun 2012 hefur nokkurn veginn staðiðst fyrir utan að aðsókn að frumgreinadeild er mun lakari en áætlað var. Sótt hefur verið um aukafjárveitingu til ríkisvaldsins. Umræður. Spurt er um hvort skólagjöld verði hækkuð. Rektor upplýsti að ekki stæði til að hækka skólagjöld en breyting á innheimtu er til umfjöllunar þ.e. að innheimta fyrir hverja önn en ekki fyrir hverja einingu. Umræður.

### 5. Endurskoðun frumgreinanáms.

- a. Frumgreinanámið hefur verið í endurskoðun. Skipaður var breiður hópur til starfana af framkvæmdastjórn. Ástæða þessarar endurskoðunar eru m.a. vegna misjafnrar aðsóknar í frumgreinadeild. Til að mynda hafði aðsókn verið góð til ársins 2009 en svo sveiflukennð eftir það. Starfshópurinn skoðar innhald námsins, kostnað við námið og gerir samanburð við sambærilegt nám sem aðrar stofnanir bjóða upp á. Ennfremur er nú krafa frá menntamálaráðuneytinu um að frumgreinadeildarnámið sé samræmt við aðalnámskrá framhaldsskólanna. Í ljósi 2020 stefnu stjórnvalda þá er til umfjöllunar að bjóða frumgreinadeildanám án skólagjalda og því aðeins greitt staðfestingargjald, ef fjárveiting fæst til þeirrar breytingar. Umræður um frumgreinanámið, staðsetningu þess, inngöngu í aðra háskóla ofl.

### 6. Trúnaðarmál.

**7. Opnunartímar yfir hátíðarnar og dagskrá tengd jólaföstu.**

- a. Skrifstofa, kaffihús og bókasafn verður opið til og með 18. desember 2012. Opnað verður aftur 2. janúar 2013. Umræður um opnunartíma kaffihússins yfir hátíðarnar.

**8. Önnur mál**

- a. **Miðvikudagsfyrirlestrar.** Efni miðvikudagsfyrirlestra á haustönn gagnrýnt af nemendafulltrúum. Bent á mikilvægi þess að fá góða fyrirlesara og bæta umgjörð um þá. Einnig tengja fyrirlestrana betur við námið. Umræður. Rektor hvetur nemendafulltrúa til þess að koma uppástungum um áhugaverða fyrirlesara til Magnúsar Árna Magnússonar. Ítrekað að miðvikudagsfyrirlestrar séu þannig skipulagðir að allir nemendur komist á þá.
- b. **Dyr skólans.** Tekin hefur verið ákvörðun um að opna ákveðnar dyr á morgnana og læsa þeim á kvöldin. Umræddar dyr eru dyr að „gamla“ aðalinngangi skólans og dyrnar sem er norðanmegin á skólanum (við rými tölvuþjónustunnar). Tilgangurinn er sá að þessum dyrum var mjög oft haldið opnum með grjóti eða öðru sem kældi niður skólann.
- c. **Reykingar á skólalóð.** Ákveðið að banna reykingar fyrir utan gamla inngang skólans og fyrir framan Hamragarða v/slæmrar umgengni. Umræður.
- d. **Gruggugt vatn í nemendagörðum.** Starfsmaður heilbrigðisráðuneytisins kom að gefnu tilefni á svæðið og framkvæmdi mælingar þar sem allt grugg var undir hættumörkum. Unnið er að því að skipta um lagnir vegna tæringar.
- e. **Fyrirspurn um skyldur Borgarbyggðar v/lýsingar og snjómoksturs.** Um er að ræða almenna þjónustu sveitarfélagsins. Stefán mun taka málið upp við Borgarbyggð.
- f. **Prófareglur.** Profareglur í endurskoðun. Munu verða lagðar fyrir háskólaráð á næsta fundi og verða endurskoðaðar reglur sendar fulltrúum ráðsins fyrirfram.
- g. **Prófnúmer.** Framkvæmdin gekk vel og ekki miklir tæknilegir hnökrar. Bent á ákveðna framkvæmd við nafnleynd skjala sem þarf að athuga. Hjalti Benediktsson mun koma á næsta háskólaráðsfund til að ræða þetta.